

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Brekkuhvarf 20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 28. mars 2017 breytt deiliskipulag fyrir Brekkuhvarf 20. Í breytingunni felst að lóðinni Brekkuhvarfi 20 er skipt í tvær lóðir; nr. 20 og 20a. Á nýrri lóð má byggja einbýlishús á einni hæð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. apríl 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2017